

Áætlun gegn einelti

Við sættum okkur ekki við einelti.

Í Laugargerðisskóla hefur verið unnið að áætlun gegn einelti og annarri andfélagslegri hegðun. Tekin hefur verið eldri áætlun og endurbætt.

Hvað er einelti?

Samkvæmt skilgreiningu fræðimanna er einstaklingur lagður í einelti, ef hann eða hún verður fyrir neikvæðum verknaði eins eða fleiri einstaklinga yfir ákveðið tímabil.

„Það er neikvæður og/eða ofbeldiskenndur verknaður ef einhver veldur öðrum viljandi tjóni eða óþægindum – með líkamlegri snertingu, í orði eða á annan hátt. Við tölum ekki um einelti nema þessu til viðbótar sé um að ræða aflsmun, þegar sá sem verður fyrir þessum neikvæða verknaði á erfitt með að verja sig og er harla varnarlaus gagnvart þeim (einum eða fleiri), sem angrar hann eða hana.

Þrennt einkennir eineltishugtakið, samkvæmt ofangreindri skilgreiningu:

- Árásarhneigt (ýkt) eða illa meint atferli.
- Um er að ræða endurtekningu sem stendur yfir ákveðinn tíma.
- Ójafnvægi afls og valda í samskiptum. “

(Úr handbók um Olweusaráætlunina, útg. 2005, bls. 28).

Vinnuhópur

Í Laugargerðisskóla skipa skólastjóri (umsjónarmaður sérkennslu) og umsjónakennarar, kennarar og annað starfsfólk vinnuhóp í áætlun gegn einelti. Þeir stýra umræðum á fundum, hafa samráð um fræðslu fyrir starfsmenn og framkvæmd áætlunarinnar. Vinnuhópur endurskoðar áætlun skólans gegn einelti eftir því sem þörf er á, yfirleitt árlega.

Markmið

Langtímamarkmið

Markmið okkar er að vera með fræðslu og vitundarvakningu meðal skólasamfélagsins alls, þ.e. nemenda, starfsfólks og foreldra.

Skammtímamarkmið

Í nóvember árlega er gerð líðankönnun, meðal nemenda í 4. – 10. bekk og starfsfólks. Veturinn 2009 -10 var lögð fyrir könnun meðal nemenda og vorið 2009 könnun meðal starfsfólks.

Ekki er unnt að leggja sambærilegar kannanir fyrir nemendur á yngsta stigi.

Forvarnir og fræðsla

Nemendur

Fræðsla um einelti og forvarnir gegn því heyra undir lífsleiknikennsluna, en skulu ávallt höfð í huga við allt starf með nemendum og þó umsjónarkennarar gegni hér lykilhlutverki, bera aðrir kennarar sem og starfsfólk allt sameiginlega ábyrgð á eftirfylgni og framkvæmd áætunarinnar.

Brýnt skal fyrir nemendum að láta umsjónarkennara vita, ef grunur um einelti kemur upp og höfða til samábyrgðar allra í skólasamfélaginu.

Bekkjarreglur gegn einelti (samskiptareglur) skulu ræddar í hverjum bekk að hausti og veggspjald með þeim endurnýjað af nemendum sjálfum. Veggspjaldið skal hanga uppi í bekkjarstofunni og þannig handhægt að vísa í það, þegar aðstæður kalla á.

Eineltiskeifan skal sömuleiðis hanga uppi í hverri stofu og um hana skal fjallað og til hennar gripið á sama hátt. Áhersla skal lögð á samábyrgð allra.

Bekkjarfundir skulu haldnir hálfsmánaðarlega hið minnsta, í öllum bekkjum. Lengd fundanna fer eftir aldri og þroska nemenda og öðrum aðstæðum.

Nýta skal það fræðsluefni, sem fyrir hendi er, sbr. kennsluáætlanir í lífsleikni.

Þar á meðal skulu Olweusarmyndbönd um einelti sýnd í 7. bekk (unglingamyndbandið) og 4. bekk (miðstigsmyndbandið). Auk þess skal sýna Ávaxtakörfuna eða sambærilegt myndband í 1. bekk.

Hjá yngstu nemendum fer fræðslan fram með umræðum, hlutverkjaleikjum og verkefnið Vinir Zippys er notað í þessum tilgangi hjá 1.-4. bekk.

Hjá eldri nemendum eru umræður, gerðar bekkjarreglur um samskipti og gegn einelti og um æskilega hegðun.

Starfsfólk

Halda skal umræðu- og fræðslufundi meðal starfsmanna, samkvæmt sérstakri áætlun. Fundir þessir geta verið mismunandi eftir starfstegund eða – stað. Hin fjölmörgu birtingarform eineltis skulu rifjuð upp og rædd a.m.k. einu sinni á ári, á fyrsta almenna umræðufundi vetrarins (sbr. kafla 3 í starfsmannahandbók). Minnt skal á að öllum starfsmönnum ber skylda til að láta umsjónarkennara/skólastjóra vita, ef grunur um einelti kemur upp.

Á hverju hausti skal halda námskeið um þessi mál með öllum nýjum starfsmönnum, þar með töldum starfsmönnum íþróttahúss.

Nýir starfsmenn fá eintak af handbókskólans og þar er áætlun gegn einelti í Laugargerðisskóla birt.

Skólastjóri kynnir áætlun skólans gegn einelti á fyrsta starfsmannafundi ár hvert.

Foreldrar

Áætlun gegn einelti skal kynnt fyrir foreldrum á kynningarfundum á haustin.

Brýnt skal fyrir foreldrum að láta umsjónarkennara/skólastjóra vita, ef grunur um einelti kemur upp og höfða til samábyrgðar allra í skólasamfélaginu.

Foreldrum bent á áætlun gegn einelti í handbók og á heimasíðu Laugargerðisskóla.

Eftirlitskerfið

Samskipta og liðan könnun er lögð fyrir nemendum í 4. – 10. bekk og meðal starfsfólks í nóvember ár hvert. Þessi könnun er afar ítarleg og spurt er út í einelti og skylda hluti frá ýmsum hliðum.

Sambærileg könnun er lögð fyrir í yngri bekkjum.

Tengslakannanir skulu lagðar fyrir reglulega á yngsta og miðstigi, **að jafnaði einu sinni á önn.**

Öllum starfsmönnum, nemendum og foreldrum ber skylda til að láta umsjónarkennara/skólastjóra vita, ef grunur um einelti kemur upp.

Viðbrögð

Umsjónarkennarinn er lykilaðili í öllum eineltismálum. Honum ber skylda til að fylgja öllum ábendingum um einelti eftir.

Umsjónarkennari getur leitað leiðbeininga hjá öðrum, svo sem skólastjórnendum eða sálfræðingi (Klara Bragadóttir), en getur ekki vísað slíkum málum frá sér til annarra, nema sérstakar aðstæður bjóði. Á sama hátt geta aðrir starfsmenn ekki hlutast til um einstök eineltismál án vitundar eða samstarfs við viðkomandi umsjónarkennara, nema aðstæður krefjist þess og þá í samráði við skólastjórnendur.

Umsjónarkennara ber, eftir því sem unnt er, að hafa samstarf við foreldra/forráðamenn, ef grunur virðist á rökum reistur.

Umsjónarkennarar skulu hafa samráð og samstarf um lausn einstakra mála, ef þau tengjast nemendum í fleiri en einum bekk.

Einstök mál geta krafist skráningar á atvikum, t.d. í frímínútum. Öll slík gögn ber að meðhöndla sem trúnaðarmál.

Umsjónarkennara ber að skrá öll eineltismál, sem upp koma, og ferlið við að leysa þau. Þetta mætti til dæmis skrá í Mentor.

Ef ekki tekst að leiða mál til lykta, ber að vísa þeim til nemendaverndarráðs. Þá skulu áðurnefnd gögn fylgja þeirri tilvísun.

Sjá nánar viðauka 1 og 2.

Hvað ber að gera ef óæskileg hegðun á sér stað eða grunur á einelti kemur upp.

Stöðva atburðarrásina strax

Halda ró sinni, ekki fara í rökræður við nemendur.

Sýna með viðbrögðum sínum að svona athæfi sé ekki liðið.

Ræða við aðila málsins almennt, þá vísað til umsjónarkennara/skólastjóra sem ræða einslega við hvern og einn.

Atvikið skráð á eyðublað sem er í **hólfi við skólastjóraskrifstofu** og setja í hólf skólastjóra

Atvikið skráð í Mentor.

Farið er yfir málið með umsjónarkennara/skólastjóra

Haft samband við heimili.

Umsjónarkennari/skólastjóri ákveða framhald málsins

Viðtöl við aðila með skólasálfræðingi.

Umræður –viðbrögð innan hópsins

Regluleg samskipti við foreldra.

Fundur með foreldrum gerenda og þolenda.

Refsiáðgerðir t.d útlökun úr ákveðnum tímum, frímínútum

Málinu vísað til nemendaverndarrásð/skólanefndar.

Ábyrgð og aðkoma skólastjórnenda og annarra


Skólastjóri ber endanlega ábyrgð á öllu starfi innan skólans.

Skólastjórnendum ber, eins og öllum öðrum starfsmönnum skólans, að vísa eineltismálum til umsjónarkennara og skulu ekki blanda sér í einstök tilvik án samráðs við hann, nema aðstæður beinlínis krefjist þess. Slíkar aðstæður væru t.d. ef málið tengdist umsjónarkennara persónulega.

Skólastjórnendum ber að vera umsjónarkennurum, sem og öðrum í skólasamfélaginu, til leiðbeiningar um eineltismál, sé til þeirra leitað.

Hið sama á við um námsráðgjafa og aðra, sem kynnu að fá einstök mál inn á sitt borð.

Viðauki 1



Viðauki 2

